

Fundargerð 865. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 30. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon í fjarfundarbúnaði, Jón Björn Hákonarson í fjarfundarbúnaði og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 864. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 864. fundar stjórnar sambandsins frá 10. október 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn sambandsins - 1810002SA

Lagðar fram upplýsingar fyrir nýkjörna stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um starfshætti stjórnar á undanförunum árum. Samantektinni er ætlað að auðvelda nýrri stjórn að taka ákvarðanir um hvernig hún vill haga störfum sínum til lengri eða skemmri tíma á kjörtímabilinu.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir þær upplýsingar og verklag sem fram koma í skjalinu.

3. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1710022SA

Lagðir fram minnispunktar frá samráðsfundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 12. október 2018

4. Tillaga að fulltrúum í ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 1811020SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2018, ásamt bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 6. nóvember 2018.

Tilnefnd voru Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs í Sveitarfélaginu Skagafirði, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ. Til vara fyrir hvern aðalmann í sömu röð voru tilnefnd Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Kristinn Andersen,

bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð, Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar, Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi Fljótshéraðs og Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborg.

5. Tillaga að skipun í stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga - 1808031SA

Lögð fram tillaga að skipun í stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2018, ásamt bréfi Brúar lífeyrissjóðs, dags. 21. ágúst 2018.

Samþykkt að skipa Benedikt Valsson, hagfræðing á kjarasviði sambandsins, Auði Kjartansdóttir, bæjarfulltrúa Snæfellsbæjar og Halldóru Káradóttur, aðstoðarjárnmalastjóra Reykjavíkurborgar í stjórnina. Til vara fyrir hvern aðalman í sömu röð voru tilnefnd Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, Halla Margrét Tryggvadóttir, mannauðsstjóri Akureyrarkaupstaðar og Ebba Schram, borgarlögmaður.

6. Tilnefningar á nýjum fulltrúum í alþjóðlegt samstarf sambandsins - 1811033SA

Lögð fram tillaga að skipun fulltrúa í alþjóðlegt samstarf sambandsins í stað fulltrúa sem ekki hafa lengur umboð eftir sveitarstjórnarkosningar 2018, dags. 26. nóvember 2018.

Í stefnumótandi nefnd CEMR (Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða) til ársins 2019 var kjörin Heiða Björg Hilmisdóttir og Jón Björn Hákonarson. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals og Ásgerður Gylfadóttir voru kjörin til vara. Aldís Hafsteinsdóttir situr áfram sem aðalmaður til ársins 2019.

Til setu á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins til ársins 2020 voru kjörnir Kristján Þór Magnússon og Guðmundur Ari Sigurjónsson. Bjarni Jónsson og Gunnar Einarsson voru kjörnir sem varamenn. Anna Gunnhildur Ingvarsdóttir situr áfram sem aðalmaður og Aldís Hafsteinsdóttir sem varamaður til 2020.

Fulltrúi í Heimsráði (World Council) Alþjóðasamtaka sveitarfélaga og borga var kjörin Aldís Hafsteinsdóttir.

Til setu í EES EFTA sveitarstjórnarvettvangnum var kjörin Rakel Óskarsdóttir og Eyþór Laxdal Arndal til vara.

7. Tillaga að stofnun starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins - 1811043SA

Lögð fram tillaga að stofnun starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins, dags. 26. nóvember 2018.

Í starfshópinu voru skipuð Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og verði hún formaður starfshópsins, Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs, Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogsbæ, Gunnar Gíslason, bæjarfulltrúi Akureyrarkaupstaðar og Margrét Ólöf A. Sanders, bæjarfulltrúi Reykjanesbæ.

8. Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd sambandsins - 1811041SA

Lögð fram tillaga að skipan kjaramálanefndar sambandsins 2018-2022, dags. 22. nóvember 2018.

Í kjaramálanefnd voru skipuð Raket Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi Akraneskaupstaðar, Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð, Halla Margrét Tryggvadóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Akureyrarbæjar, Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar.

9. Tillaga að fulltrúum í skólamálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram tillaga að skipun skólamálanefndar sambandsins 2018-2022, dags. 23. nóvember 2018.

Í skólamálanefnd voru skipuð Einar Már Sigurðarson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, Helgi Arnarson, fræðslustjóri í Reykjanesbæ, Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar, Margrét Halldórsdóttir, fræðslustjóri Ísafjarðarbæjar og Skúli Þór Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg.

Skólamálanefnd og starfsmenn sambandsins er einnig falið að endurskoða erindisbréf nefndarinnar með það fyrir augum að þá nái yfir þau markmið sem voru samþykkt í fræðslumálum á landsþingi sambandsins 2018.

10. Tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í félagsþjónustunefnd sambandsins 2018-2022, dags. 27. nóvember 2018.

Í félagsþjónustunefnd voru skipuð Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, Friðrik Már Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi Húnaþings vestra, Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi í sameinuðu sveitarfélagi á Suðurnesjum, Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar og Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.

11. Tillaga að fulltrúum í skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram tillaga að skipun skipulagsmálanefndar sambandsins 2018-2022, dags. 27. nóvember 2018.

Í skipulagsmálanefnd voru skipuð Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps og Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

12. Tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum 2018-2022, dags. 27. nóvember 2018.

Samþykkt var að fresta skipan nefndarinnar til næsta fundar stjórnar.

13. Stefnumörkun sambandsins 2018-2022 - 1803024SA

Lögð fram drög að stefnumörkun sambandsins 2018-2022, sem unnin voru í umræðuhópum á XXXII. landsþingi sambandsins í september sl. Landsþingið samþykkti að vísa drögnum til frekari úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins á grundvelli athugasemda sem fram komu á þinginu.

Stjórn sambandsins samþykkir stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 sbr. samþykkt XXXII. landsþings sambandsins þar sem drögum að stefnumörkun var vísað til úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins.

14. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lögð fram fundargerð 46. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 29. október 2018.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga vill þakka Lúðvíki E. Gústafssyni kærlega fyrir sína vinnu í þágu sambandsins og sveitarfélaga í landinu seinustu árin en hann mun láta af störfum vegna aldurs um næstu áramót.

15. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033 og fimm ára áætlun 2019-2023 - 1810030SA

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033, ásamt umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 31. október 2018, um áætlunina og tillögu til fimm ára áætlun 2019-2023, 172. og 173. mál.

Samþykkt að taka málið aftur upp á fundi stjórnar í desember.

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kom inn á fundinn undir lið 16.

16. Kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks - 1806019SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 28. nóvember, um reglugerðir á grundvelli nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, ásamt fylgiskjöllum.

Fyrir liggur að útgjöld sveitarfélaga vegna búsetuúrræða fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir á ársgrundvelli hafa verið hátt í einn milljarður króna á undanfórnum árum. Sveitarfélögin hafa um árabíl kallað eftir því að sett verði á fót sérstök búsetuúrræði fyrir þennan tiltölulega fámenna hóp barna, með fjármögnun úr ríkissjóði.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2019 mun ríkið leggja fram 500 m.kr. til verkefnisins á næsta ári. Um framkvæmd þess gildir hins vegar reglugerð sem félags- og jafnréttismálaráðherra hefur nýlega sett. Í umræddri reglugerð eru settar skorður við framkvæmd verkefnisins sem munu auka verulega á útgjöld sveitarfélaga frá því sem verið hefur og gert var ráð fyrir við lagasetningu á liðnu sumri. Reglugerðin hefur ekki fengið lögformlegt kostnaðarmat þar sem afstaða er m.a. tekin til kostnaðaraukandi þátta. Stjórn sambandsins gerir kröfu um að úr þessu verði bætt þannig að ráðuneytið ljúki við kostnaðarmatið og tryggi fjármögnun í samráði við sambandið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög sem sinna þjónustu við þennan litla en afar viðkvæma hóp barna.

Stjórn beinir enn fremur þeim eindregnu tilmælum til ráðherra að nýtt ráðuneyti hans tileinki sér frá byrjun þau vinnubrögð að kanna ávallt hvort fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir muni hafa áhrif á fjárhag eða stjórnsýslu sveitarfélaga. Sé svo skal skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga fara fram sérstakt mat á þessum áhrifum.

17. Ályktanir ársfundar Skólastjórafélags Íslands og yfirlýsing Samninganefndar sveitarfélaga - 1810040SA

Lagðar fram ályktanir frá ársfundi Skólastjórafélags Íslands, sem haldinn var 13. október 2018, ásamt yfirlýsingu frá Samninganefnd sveitarfélaga SNS, dags. 17. október 2018, vegna ályktana frá Skólastjórafélagi Íslands.

Ásgerður K. Gylfadóttir fór af fundi kl. 14:30.

18. Fundur formanns og framkvæmdastjóra með dómsmálaráðherra um tvöfalt lögheimili - 1810003SA

Lagt fram til kynningar minnisblað Vigdísar Óskar Häsler Sveinsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 31. október 2018, um fund formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með dómsmálaráðherra 31. október 2018 þar sem fundarefnið var umræða um tvöfalt lögheimili sem rætt var innan stjórnar sambandsins í tengslum við þingmannafrumvarp Viðreisnar um sama mál.

Samþykkt að halda umfjöllun áfram á næsta fundi.

Bjarni Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun: Undirritaður leggur áherslu á að auðvelda eigi börnum og foreldrum þeirra að halda tvö heimili sem getur falið í sér tvöfalt lögheimili þar sem aðstæður til þess eru fyrir hendi, enda verði búið svo um hnútana að það verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Til þess að svo megi verða þurfa ríkisvaldið og sveitarfélög að leita lausna sem koma betur á mótis við hagsmuni barna og foreldra þeirra.

Innsend umsögn sambandsins og minnispunktar vegna fundar með dómsmálaráðherra, bera ekki með sér að þessum sjónarmiðum hafi verið nægjanlegur gaumur gefinn

19. Samráðsfundir vegna undirbúnings kjaraviðræðna 2019 - 1811051SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. nóvember 2018, um samráðsfund vegna undirbúnings kjaraviðræðna 2019, ásamt uppfærðu eyðublaði um samkomulag um kjarasamingsumboð.

Stjórn samþykkir eyðublaðið og veitir framkvæmdastjóra heimild til að skrifa undir kjarasamningsumboðin fyrir hönd Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

20. Staða samningaviðræðna vegna hjúkrunarheimila og dagdvalar aldraðra - 1810062SA

Lagt fram minnisblað Valgerðar Freyju Ágústsdóttur, sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 26. október 2018, um stöðu samningaviðræðna vegna framlengingar á rammasamningi um þjónustu hjúkrunarheimila annars vegar og rammasamnings vegna dagdvalar aldraðra hins vegar. Einnig lagt fram minnisblað Valgerðar Freyju, dags. 15. október 2018, um umsögn sambandsins um málefnasvið 25 og 26 í fjárlagafrumvarpi 2019.

Um næstu áramót fellur rammsamningur um þjónustu hjúkrunarheimila úr gildi. Samningaviðræður um framlengingu samningsins eru komnar í strand. Engar auknar fjárheimildir eru í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 og raunar gerð 0,5% aðhaldskrafa til málaflokksins. Breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar um 276 m.kr. hækkun fjárheimildar til hjúkrunarheimila er til komin vegna aukinnar þjónustuþyngdar en er ekki viðbót við rekstrargrunn hjúkrunarheimila líkt og kallað hefur verið eftir. Hjúkrunarheimili eru rekin með verulegum halla enda liggur fyrir að daggjöld þyrfti að hækka um tugi prósentu til að ná endum saman. Sveitarfélögin greiða um einn milljarð króna með hjúkrunarheimilum sínum á ári hverju. Við það verður ekki unað.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga krefst þess að ríkið gangi til samninga um hækkun á daggjöldum til samræmis við raunkostnað. Að öðrum kosti þurfi að draga úr þjónustu hjúkrunarheimila.

Samningar um dagdvöl aldraðra eru einnig í uppnámi. Velferðarráðuneytið hefur gefið út kröfulýsingu um dagdvöl en hefur neitað að kostnaðarmeta hana. Án slíks mats er enginn grundvöllur til samninga. Rekstaraðilar hafa látið meta kostnað vegna kröfulýsingarinnar og það mat sýnir að daggjöld þurfi að hækka um 30%. Ráðuneytið hefur hafnað þessu mati án þess að leggja annað mat fram. Þetta er óboðlegt vinnulag.

Stjórn sambandsins krefst þess að fjármagn fylgi þeim kröfum sem gerðar eru til dagdvalarþjónustu og að samningar grundvallist á sameiginlegu kostnaðarmati.

21. Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks - 1811046SA

Lagður fram tölvupóstur Seltjarnarnesbæjar, dags. 11. október 2018, um vinnumansal og kjör erlends starfsfólks.

Erindið var rætt og kom fram af hálfu stjórnarmanna mikill vilji til þess að sveitarfélög vinni að því, ásamt Vinnumálastofnun, aðilum vinnumarkaðarins, skattyfirvöldum og fleirum að tryggja réttindi verkafólks. Jafnramt kom fram að fjármála- og efnahagsráðherra hyggt leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup þar sem er að finna ákvæði um keðjuábyrgð. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að setja í samninga um opinber innkaup kröfur um keðjuábyrgð sem tryggi réttindi verkafólks og sporni gegn mögulegri misnotkun á erlendu vinnuafli.

22. Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms 2019-2021 - 1803038SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. nóvember 2018, um endurskoðað samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, ásamt drögum að nýju samkomulagi.

Formanni og framkvæmdastjóra veitt heimild til að skrifa undir samkomulagið.

Guðmundur Ari Sigurjónsson vék af fundi kl. 15:35.

23. Breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka - 1809012SA

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra stjórnmalaflokka Alþingis, dags. 22. nóvember 2018, um hugsanlegar breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og fjárstuðning sveitarfélaga við þau.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga var sammála því að öll sveitarfélög verði greiðsluskyld. En skiptar skoðanir voru um að sett yrði lágmarks viðmiðurnargjaldskrá og því ekki tekin afstaða til þess þáttar. Formanni falið að ræða við fulltrúa framkvæmdastjóra flokkanna.

24. Tilnefning viðbótarfulltrúa í starfshóp um stöðu og verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1806017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. október 2018, þar sem Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar og viðtakandi formaður SSH, er tilnefnd í starfshóp um stöðu og verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga.

25. Endurtilnefning í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála - 1806005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 18. október 2018, þar sem Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar sambandsins og bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, og Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórn Stjórnstöðvar ferðamála í stað Halldórs Halldórssonar og Sigrúnar Blöndal, sem eru hætt þátttöku í sveitarstjórnarmálum, og Hildur Jana Gísladóttir, formaður Eyþings og bæjarfullrúi Akureyrarkaupstaðar, til vara.

26. Tilnefning í verkefnishóp um úrbætur í menntun, hæfingu, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla - 1810036SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 22. október 2018, þar sem Sigríður I. Daníelsdóttir, forstöðumaður fjölskyldumála Reykjanesbæjar, og Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar í Reykjanesbæ eru tilnefnd í verkefnishóp um úrbætur í menntun, hæfingu, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

27. Tilnefning í íþróttanefnd - 1810064SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2018, þar sem Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundarfulltrúi Hveragerðisbæjar, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í íþróttanefnd, og er Bragi Bjarnason, menningar- og frístundarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

28. Tilnefning í mengunarvarnaráð - 1809046SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 26. október 2018, þar sem Rósa Magnúsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í mengunarvarnaráði, og er Ríkharður Friðriksson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

29. Tilnefning í starfshóp um geðrækt í skólum - 1810047SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Embættis landlæknis, dags. 26. október, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um geðrækt í skólum.

30. Tilnefning í nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð NPA - 1809034SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 26. október 2018, þar sem Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð NPA.

31. Tilnefning í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns - 1810023SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 26. október 2018, þar sem Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður, og Gunnar Gíslason, bæjarfulltrúi Akureyrarbæjar, eru tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmenn í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns, og eru Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður Safnahúss á Ísafirði, og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamenn.

32. Tilnefning í stýrihóp um málefni utangarðsfólks - 1809051SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 29. október 2018, þar sem Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri búsetudeildar Akureyrarbæjar, er tilnefndur í stýrihóp um málefni utangarðsfólks.

33. Endurtilnefning í samstarfshóp um aukna fagþekkingu, bætta hönnun og samræmingu í merkingum á ferðamannastöðum - 1804006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 1. nóvember 2018, þar sem Puríður H. Aradóttir Braun, verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfshóp um eflingu fagþekkingar, bætta hönnun og samræmingu í merkingum á ferðamannastöðum, í stað Eggerts Sólbergs Jónssonar, sem látið hefur af störfum hjá Reykjanes Geopark. Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, er tilnefndur til vara.

34. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 1810070SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2018, þar sem Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Arne Friðrik Karlsson, forstöðumaður á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Stefán Bogi Sveinsson, bæjarstjórnarfulltrúi á Fljótsdalshéraði, eru tilnefnd í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

35. Tilnefning í verkefnahóp um heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku - 1811028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2018, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur í fræðslumálum hjá sambandinu, er tilnefndur í verkefnahóp um heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

36. Tilnefning í fagráð um umferðarmál - 1612020SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2018, þar sem Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar er tilnefnd sem varamaður Þorsteins R. Hermannssonar, samgöngustjóra Reykjavíkurborgar í fagráð um umferðarmál.

37. Tilnefning í almannavarna- og öryggismálaráð - 1811035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóvember 2018, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins og Stefán Eiríksson, borgarritari Reykjavíkurborgar, eru tilnefndir til áframhaldandi setu í almannavarna- og öryggismálaráð.

38. Tilnefning í nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, með

síðari breytingum - 1811049SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 27. nóvember 2018, þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í nefnd um endurskoðun laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

39. Tilnefning í ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi - 1811050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 27. nóvember 2018, þar sem Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefnd í ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi.

40. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 1807017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. október 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 77. mál.

41. Umsögn um drög að reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang - 1810016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 16. október 2018, um drög að reglugerð um raf- og rafeindatækjabúnað.

42. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 - barnalífeyrir - 1810004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. október 2018, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyri), 12. mál.

43. Umsögn um drög að verklagsreglum um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum - 1810053SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. október 2018, um drög að verklagsreglum um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

44. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 1810018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 18. október 2018, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

- 45. Umsögn um áform um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 - 1810058SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 23. október 2018, um áform um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup.
- 46. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum - 1810055SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 23. október 2018, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald með síðari breytingum.
- 47. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 1810050SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 23. október 2018, um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. mál.
- 48. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda - 1810060SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. október 2018, um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafastofu innflytjenda, 19. mál.
- 49. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs - 1810063SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 29. október 2018, um drög að frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.
- 50. Umsögn um drög að stefnu í íþróttamálum - 1811007SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 5. nóvember 2018, um drög að stefnu í íþróttamálum.
- 51. Umsögn um drög að skýrslu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins - 1810069SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 5. nóvember 2018, um drög að skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmálann).

52. Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna - ákvörðun matsverðs - 1811008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2018, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum (ákvörðun matsverðs), 212. mál.

53. Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu o.fl. - dvalarrými og dagdvöl - 1804014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2018, um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu o.fl. (dvalarrými og dagdvöl), 185. mál.

54. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands - 1811014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 7. nóvember 2018, um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 155. mál.

55. Umsögn um drög að reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga - 1810073SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2018, um drög að reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

56. Umsögn um drög að endurskoðaðri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 1811015SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2018, um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

57. Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu - 1811005SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2018, um frumvarp til laga um landgræðslu, 232. mál.

58. Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt - 1811003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2018, um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál.

59. Umsögn um frumvarp til umferðarlaga - 1811004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2018, um frumvarp til umferðarlaga, 219. mál.

60. Umsögn um frumvarp til laga um rafræna birtingu á álagningu skatta og gjalda - 1811027SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2018, um frumvarp til laga um birtingu á álagningu skatta og gjalda, 211. mál.

61. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna - hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafahópur barna og barnaþing - 1810068SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2018, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafahópur barna og barnaþing), 156. mál.

62. Innleiðing nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga - 1806019SA

Lagt fram bréf sambandsins til félagsmálastjóra og annarra stjórnenda í félagsþjónustu sveitarfélaga, dags. 29. október 2018, um innleiðingu nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu - upplýsingar um stöðu mála í lok október 2018.

63. Ályktanir aðal- og ársfunda landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1803051SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðal- og ársfunda landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 2018.

64. Minnisblað um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára - 1806032SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 2. nóvember 2018, um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára.

65. Evrópumál og sveitarfélögin - 1811011SA

Lagt fram til kynningar upplýsingarit Sambands íslenskra sveitarfélaga um evrópumál og sveitarfélögin - skiptir það okkur máli hvað gerist á vettvangi EES?

66. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 1601081SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 20. nóvember 2018, um 35. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 6.-8. nóvember 2018.

Fundi var slitið kl. 16:08

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir